

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugáhafnir í almenningsflugi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

(Texti sem varðar EES)

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnarsýsluferla í tengslum við flugáhafnir í almenningsflugi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 100 (2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og leiðtogaáráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB¹ (hér eftir nefnd 'grunnreglugerðin'), þá sérstaklega greinar 7(6), 8(5) og 10(5) í henni,

Þar sem:

- (1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011² setur fram ítarlegar reglur um sum flugmannsskírteini, umbreytingu landsskírteina og leyfa, sem og skilyrði fyrir samþykki leyfa frá þriðja ríki. Auk þess inniheldur reglugerð (EB) nr. 1178/2011 ákvæði um vottun samþykktra þjálfunarstofnana og rekstraraðila flughermiþjálfunarbúnaðar sem notaður er til að þjálfa, prófa og hafa eftirlit með flugmönnum.
- (2) Þegar reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var skipt út fyrir reglugerð (EB) nr. 216/2008, var grein 5, sem fæst við lofthæfi, útvíkkuð þannig að hún tæki til þátta í rekstrarhæfismati í útfærslureglunum fyrir tegundaskírteini.
- (3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir kölluð 'stofnunin') hefur þótt nauðsynlegt að leggja til breytingar á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 til að gera stofnuninni kleift að samþykkja rekstrarhæfisögn sem hluta af tegundaskírteinaferlinu.
- (4) Rekstrarhæfisgögnin munu innihalda skylduþjálfunarþætti fyrir tegundaáritunarþjálfun flugáhafnar. Þeir skulu vera grundvöllur fyrir þróun á námskeiðum í tegundaáritun.
- (5) Kröfurnar, sem tengjast þjálfunarnámskeiðum í tegundaáritun fyrir flugáhafnir, vísa í rekstrarhæfisgögnin, en almenn ákvæði þurfa að vera fyrir hendi ef rekstrarhæfisgögn liggja ekki fyrir og auk þess þarf að bæta við nauðsynlegum upptökuákvæðum.
- (6) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem stofnunin gaf út³ í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

¹ Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1.

² Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnarsýsluferla í tengslum við flugáhafnir í almenningsflugi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu (Stjórnartíðindi Evrópu L 311, 25.11.2011, bls. 1).

³ (07/2011).

- (7) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð eru í samræmi við álit⁴ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem var komið á fót með grein 65(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 ætti því að breyta til samræmis.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Reglugerð (EB) nr. 1178/2011 er hér með breytt sem hér segir:

1. Nýrri grein 9bis er bætt við á eftirfarandi hátt:

Grein 9bis

Þjálfun í tegundaáritun og rekstrarhæfisgögn

1. Þegar viðaukarnir vísa í rekstrarhæfisgögn, sem útbúin eru í samræmi við lið-21, má umsækjandi sýna fylgni við ákvæði viðaukanna eingöngu, ef slík gögn eru ekki tiltæk fyrir viðeigandi tegund.
2. Tegundaáritunarnámskeið, sem samþykkt voru áður en lágmarksnámskrá var samþykkt fyrir tegundaáritunarþjálfun flugáhafnar í rekstrarhæfisgögnum fyrir viðeigandi tegund í samræmi við lið-21, skulu innihalda skylduþjálfunarþættina í rekstrarhæfisgögnunum innan fjögurra ára eftir að þessi reglugerð tekur gildi, eða innan tveggja ára eftir að rekstrarhæfisgögnin voru samþykkt. Tekið skal mið af síðari dagsetningunni.
2. Viðauka VII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Grein 2

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, XXXX.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
[...]
Forsetinn

⁴ (Á eftir að gefa út).

VIÐAUKI

Viðauka VII (lið-ORA) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1. Í atriði ORA.GEN.160 er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:
'(b) Án skerðingar á málsgrein (a) skal viðkomandi stofnun tilkynna lögbæra stjórnvaldinu og þeirri stofnun sem er ábyrg fyrir hönnun loftfarsins um öll tilvik, bilanir, tæknilega galla, þegar farið er út fyrir tæknilegar takmarkanir, atvik sem myndi undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar sem er að finna í skyldupáttum rekstrarhæfisgagna, sem útbúin voru í samræmi við lið-21, eða aðrar óvenjulegar kringumstæður sem hafa eða gætu hafa stofnað öruggri starfrækslu loftfarsins í hættu og sem hafa ekki leitt til slyss eða alvarlegs tilviks.'
2. Í atriði ORA.ATO.145 er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:
'(a) ATO skal tryggja að nemarnir uppfylli allar forsendur til þjálfunar sem kveðið er á um í lið-Medical, lið-FCL, og, ef við á, eins og skilgreint er í skyldupáttum rekstrarhæfisgagna, sem útbúin eru í samræmi við lið-21.'
3. Í atriði ORA.FSTD.210(a) er atriði (2) skipt út fyrir eftirfarandi:
'(2) fullgildingargögn loftfarsins, sem skilgreind eru í skyldupáttum rekstrarhæfisgagnanna, sem útbúin eru í samræmi við lið-21, ef við á; og'